# TÍMARIT

## ÞJÓÐRÆKNISFÉLAGS ÍSLENDINGA.

II. ÁR, 1920.

**TILGANGUR FÉLAGSINS ER:**

1. Að stuðla að því af fremsta megni, að Íslendingar megi verða sem beztir borgarar í hérlendu þjóðlífi.

2. Að styðja og styrkja íslenzka tungu og bókvísi í Vesturheimi.

3. Að efla samúð og samvinnu milli Íslendinga austan hafs og vestan.

Þetta er sá félagsskapur meðal Íslendinga í Vesturheimi, er aðallega byggir á þjóðernislegum grundvelli, á svipaðan hátt og hin ýmsu þjóðernisfélög hér í álfu, svo sem "The United Scottish", "Sons of England" o. fl.

Hver einasti Íslendingur í þessu landi ætti að standa í félaginu. Ársgjald fyrir fullorðna er $2.00, unglinga innan 18 ára 25 cent.

Markmið félagsins er að vinna að framförum og samheldni meðal Íslendinga hér í álfu, og að hjálpa til þess að unglingum gefist kostur á að læra íslenzku, eftir því sem ástæður foreldranna kunna að leyfa.

Allar upplýsingar um félagið veitir "Félagstjórnin" og má skrifa til hennar. Inngangseyrir og ársgjöld sendist til "Fjármálaritara", en áskriftargjald að Tímaritinu til "Skjalavarðar".

**Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi.**

P. O. Box 923, Winnipeg, Man.